



Hafnarfirði, 21. janúar 2019

Nýtt frá Actavis: Warfarin Teva í staðinn fyrir Kóvar sem hættir

Ágæti lækni,

Actavis á Íslandi hefur nú sett á markað lyfið **Warfarin Teva** sem inniheldur virka efnið warfarin. Lyfið er markaðssett sem **1 mg (brúnar) töflur og 3 mg (bláar) töflur** í 100 stk. þynnupakkningum.

Afar mikilvægt er að skömmtunarstöðvar, lækna eða aðrir sem koma að meðferðinni, upplýsi þá sjúklinga sem eru að skipta á milli warfarin lyfja að þeir séu að fá lyfið í nýjum styrkleikum og þeir verði að gæta þess vel að réttir skammtar séu teknir.

Segavarnir Landspítala, í samvinnu við Rannsóknarsetrið í Mjódd, senda bréf til lækna þar sem m.a. koma fram leiðbeiningar sem tengjast meðferð og hvernig nýja lyfinu verður ávísað fyrir skjólstæðinga í fyrsta sinn.

Þá munu Segavarnir Landspítala senda viðvörunarbréf til sinna skjólstæðinga en aðrar skömmtunarstöðvar eru einnig hvattar til þess að kynna sínum skjólstæðingum breytinguna eins fljótt og auðið er.

Töflurnar eru ekki eins á litinn sem mögulega hjálpar til við rétta skömmtun:

- Kóvar 2 mg töflur: Hvítar, hringlaga, flatar töflur, 8 mm í þvermál með deiliskoru á annarri hliðinni.
- Warfarin Teva 1 mg töflur: Brún tafla með WFN ofan við og 1 neðan við deiliskoru á annarri hliðinni og tvöföldum þríhyrningi á hinni.
- Warfarin Teva 3 mg töflur: Blá tafla með WFN ofan við og 3 neðan við deiliskoru á annarri hliðinni og tvöföldum þríhyrningi á hinni.

Ábendingar fyrir Warfarin Teva

- Til að fyrirbyggja blóðrek í slagæðum þegar um er að ræða gigtsóttarhjartasjúkdóm og gáttatif.
- Til að fyrirbyggja og meðhöndla segamyndun í bláæðum og lungnasega.
- Skammvinn blóðþurrðarköst í heila.
- Til að fyrirbyggja segarek eftir ísetningu gervihjartaloku.

Frábendingar fyrir Warfarin Teva

- Þekkt ofnæmi fyrir warfaríni eða einhverju hjálparefnanna.
- Blæðingarslag (haemorrhagic stroke).
- Blæðing sem hefur klíniska þýðingu.
- Innan 72 klst. frá stórrí skurðaðgerð sem fylgir hætta á alvarlegri blæðingu.
- Innan 48 klst. frá fæðingu.
- Meðganga (fyrsti og síðasti þriðjungur).
- Lyf með milliverkanir sem geta valdið verulega aukinni blæðingarhættu.

Þess skal getið að Kóvar 2 mg töflur munu verða ófáanlegar. Enn eru þó til einhverjar birgðir af Kóvar. Miðað við meðalsölu ættu þær að klárast á um 2 mánuðum en birgðirnar ættu þó að duga eitthvað lengur eftir því sem fleiri sjúklingar færast yfir á nýja lyfið.

Warfarin Teva er lyfseðilsskylt. Greiðslupátttaka SÍ er samkvæmt G merkingu.

Heiti lyfs	Styrkleiki	Magn	Greiðslupátttökuverð*
Warfarin Teva	1 mg	100 stk	3.072
Warfarin Teva	3 mg	100 stk	3.496
Kóvar	2 mg	100 stk	2.976

*Skv. lyfjaverðskrá í janúar 2019


Kóvar og Warfarin Teva eru ekki útskiptanleg (ekki á viðmiðunarverðskrá Lyfjagreiðslunefndar).

Nálgast má upplýsingar um Warfarin Teva, fylgiseðil lyfsins og gildandi samantekt á eiginleikum þess á vef Lyfjastofnunar, www.serlyfjaskra.is

Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu til Lyfjastofnunar: www.lyfjastofnun.is.

Vinsamlega hafið samband ef frekari upplýsinga er óskað.

Með kveðju,



Ragnheiður Thoroddsen

Pharmacovigilance & Medical Operations Manager

Actavis Pharmaceuticals Iceland ehf.